

REGLUGERÐ

98

um bann við dragnótaveiði í landhelgi í Ólafsfirði í Eyjafjarðarsýslu.

12. okt.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Enginn má nota neina tegund dragnóta, þar á meðal kolanætur (Snurrevaad) til fiskveiða í landhelgi innan línu frá Brik vestan Ólafsfjarðar í Múlatöng austan við fjörðinn á tímabilinu frá 1. september til 30. nóvember ár hvert. Bann þetta nær jafnt til allra skipa og báta, sem slík veiðarfæri nota. Þó skal eigendum og nothöfum jarða þeirra, er að sjó liggja á bannsvæðinu, heimilt að nota ádráttarnætur og draga þær á land.

2. gr.

Lögreglustjóra og skipum þeim, er hafa á hendi landhelgisgæzlu, ber að annast um að bannákvæðum reglugerðar þessarar sé hlýtt.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar þeim sektum og viðurlögum, sem ákveðin eru í framangreindum lögum.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. nóvember 1933 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. október 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT

99

um einkasíma í Rípurhreppi í Skagafjarðarsýslu.

12. okt.

1. gr.

Símar þeir, sem samþykkt þessi nær til, eru:

- a. Lína frá stauraröð landssímans við Vesturósbrú Héraðsvatna, fram Hegranesið að vestan, er nái til eftirtaldra sex bæja: Helluland, Kárastaðir, Hróarsdalur, Keldudalur, Egg og Eyhildarholt með álmum frá stauraröðinni heim á bæina, ef þörf krefur.
- b. Lína frá Vesturósbrú Héraðsvatna á stauraröð landssímans til Sauðárkróks.